

*Sent með tölvupósti*

Reykjavík, 15. febrúar 2024

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 41. mál - 154. löggjafarþing 2023-2024.**

Bændasamtökin styðja ekki tillögu þessa, þrátt fyrir að málið sé lagt fram undir jákvæðum formerkjum enda er öflug og fjölbreytt innlend landbúnaðarframleiðsla og neyðarbirgðir stór hluti þess sem þarf til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi. Vísast því til stuðnings meðal annars til skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um neyðarbirgðir sem kom út í ágúst 2022. Í skýrslu starfshópsins er lagt til grundvallar að eftirtaldar birgðir þurfi að vera tiltækar til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættustundu svo að unnt sé að vernda líf og heilsu almennings, tryggja órofa virkni mikilvægra innviða samfélagsins og þjónustu sem er nauðsynleg svo að unnt sé að sinna brýnustu þörfum íbúa og samfélags við slíkar aðstæður:

- Matvæli og nauðsynleg aðföng vegna matvælaframleiðslu
- Jarðfnaeldsneyti
- Lyf, lækningatæki og hlífðarbúnaður
- Viðhaldshlutir og þjónusta vegna mikilvægra innviða samfélagsins, þ.m.t. rafmagns og fjarskipta, veitna, samgangna, neyðar- og viðbragðsþjónustu og mannvirkja og veitna
- Hreinlætisvörur og sæfivörur

Nú sem aldrei fyrr er þörfin aðkallandi fyrir formlegu samráði ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila sem hafa hlutverki að gegna varðandi neyðarbirgðahald á tilgreindum sviðum svo unnt sé að vinna skipulega að ásætlanlegri birgðastöðu lífsnauðsynja til afnota á hættustundu.

Í skýrslunni, sem byggir á umfangsmikilli vinnu og tíma starfshópsins og sem settur var á laggirnar m.a. fyrir frumkvæði Bændasamtaka Íslands, er lagt til að hlutaðeigandi ráðuneyti hvert á sínu málefnsviði, leiði samráð ríkisaðila, atvinnulífs og þriðja geirans. Í stað þess að afmarka þingsályktunartillöguna við verkefni matvælaráðuneytisins, verður að horfa á málefnið út frá mun stærra sjónarhorni. Skynsamlegt væri að þetta mál færi fyrir utanríkismálanefnd til umfjöllunar þar sem málefni er varðar þjóðaröryggi ríkisins eru til umræðu. Algerlega ótækt er að leggja þessa ábyrgð og skyldu á matvælaráðherra einan, enda fæðuöryggi ekki málefni sem verði lagt á eitt ráðuneyti til úrlausnar. Mál þetta hefur dregist og geta ógnir staðið að með þeim atburðum sem eru að gerast í heiminum. Verður að telja að máli þessu sé betur borgið með víðtæku samráði á vettvangi þjóðaröryggisráðs.

Að lokum er í 4. gr. laga nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð fjallað um verkefni ráðsins. Það hefur m.a. eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis og er jafnframt samráðsvettvangur um þjóðaröryggismál, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Ráðið skal enn fremur meta ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjalla um önnur

málefni er varða þjóðaröryggi, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Í 7. gr. þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland með áorðnum breytingum sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 2023 er kveðið á um að stuðlað verði að vernd og órófa virkni mikilvægra innviða og styrkingu áfallaþols samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Lögð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Tekið verði mið af ógnum sem tengjast m.a. fæðu- og matvælaöryggi. Ljóst er því að vinna þessi skal vera unnin í þjóðaröryggisráði.

Þingsályktunartillaga þessi felur í sér að útfæra fyrirkomulag vegna neyðarbirgða landbúnaðarafurða sem hægt er að framleiða hér á landi við endurskoðun búvörusamninga árið 2024. Endurskoðun búvörusamninga fyrir árið 2024 er lokið og líta Bændasamtökin til samningagerðar nýrra búvörusamninga fyrir árið 2026 varðandi neyðarbirgðir.

Að því sögðu eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma að frekari útfærslu á málefningu, auk þess sem fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur